

**230. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar,  
mánudaginn, 1. apríl 2019.**

Mættir:

Stjórnarmenn: Dagbjört Pálsdóttir formaður, Ásgeir Örn Blöndal, Katrín Sigurjónsdóttir, Valtýr Hreiðarsson og Þróstur Friðfinnsson.

Starfsmenn: Sigmundur Einar Ófeigsson framkvæmdastjóri, Helga Íris Ingólfssdóttir verkefnastjóri brothættra byggða og Baldvin Valdemarsson (ritaði fundargerð).

---

Formaður setti fundinn kl. 15.00 og bauð fundarmenn velkomna.

**1. Undirritun fundargerðar nr. 229.**

Fundargerð síðasta fundar undirrituð án athugasemda.

**2. Eyþing / Akureyrarbær.**

Sagt frá fulltrúaráðsfundi Eyþings, sem haldinn var á Dalvík 15. febrúar s.l., þar sem verkefnastjóri AFE kynnti tvær umsóknir sem áhersluverkefni og aðrar tvær í stefnumótandi byggðaáætlun (C1). Stjórn Eyþings samþykkti að styrkja matarhátíðina Local Food Festival um kr. 1.500.000.

**3. Brothættar byggðir.**

Helga Íris fór yfir uppbyggingu verkefnanna „Hrísey perla Eyjafjarðar“ og „Glæðum Grímsey“, helstu þætti þeirra og frambang. Mikil áhersla er lögð á aðkomu og þátttöku heimamanna. Farið var yfir helstu markmið og undirmarkmið og einstök verkefni. Sagði frá skipulagi íbúafunda og eftirfylgd verkefna. Einstök verkefni hafa verið styrkt, 26 mkr. í 36 verkefni í Hrísey og 21 mkr. til 18 verkefna í Grímsey. Bb verkefnin í Hrísey og Grímsey fóru af stað 2015 og 16 og mun ljúka í lok þessa árs. Hugmynd er uppi um að sækja um framlengingu í Grímsey.

**4. Fiskeldismál, umsagnir og frumvörp.**

Framkvæmdastjóri sagði frá tveimur lagafrumvörpum um fiskeldi. Í þessu sambandi var einnig rætt um minnispunkta úr bæjarráði Akureyrar varðandi fiskeldismál í Eyjafirði. Þá voru kynntar fyrstu niðurstöður úr könnun RHA um viðhorf Eyfirðinga til sjókvíaeldis í firðinum.

**5. Aukaaðalfundur Eyþings og sameiningarmál.**

Aukaaðalfundur Eyþings er fyrirhugaður 9. apríl n.k. Stýrihópur hefur skilað tillögum um framtíðarskipulag nýrra landshlutasamtaka sem ræddar verða á fundinum. Formaður sagði frá undirbúningsfundum og helstu sjónarmiðum. Kynnt var bókun í byggðaráði Dalvíkurbyggðar um málið. Við umræður í stjórninni kom fram gagnrýni á tillögur stýrihópsins og feril málsins hvað varðar það að kynna tillögurnar fyrir stjórn AFE áður en þær voru lagðar fram. Stjórnin telur eðlilegt að sameinuð starfsemi hafi tvær sterkar starfsstöðvar og að staðsetning höfuðstöðva sé ekki lykilatriði varðandi það að markmiðin um skilvirkni og hagræðingu í rekstri náist sem best.

Stjórnin samþykkir að leita eftir fundi með formanni stýrihópsins sem fyrst.

*[Handwritten signatures]*

## 6. Uppgör.

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að ársuppgjöri. Niðurstaðan er í samræmi við það sem áður hefur verið kynnt.


## 7. Önnur mál

Framkvæmdastjóri greindi frá fyrstu niðurstöðum úr viðamikilli atvinnulífskönnum sem unnin var í samstarfi atvinnuþróunararfélaga og Vífils Karlssonar hjá SSV.

Sagt frá samningi um úttekt á stöðu Akureyrarflugvallar og framtíðarmöguleikum.

Fleira ekki fært til bókar.

Fundi slitið kl. 18:08



The image shows five handwritten signatures in blue ink, arranged vertically. From top to bottom: 1) A signature that appears to be 'Dagný Þorsteinsdóttir'. 2) A signature that appears to be 'Ólafur Ólafsson'. 3) A signature that appears to be 'Jón Sigurðardóttir'. 4) A signature that appears to be 'Hilmar Þórðarson'. 5) A signature that appears to be 'Sigrún Ólafsdóttir'.